



A 1642/medborger

Lagt fram af:
Flokkahópi jafnaðarmanna

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Fylgiskjal:
- Teikning af heildarlaunamun

Málsnúmer 15-00073-1

Þingmannatillaga um launamun kvenna og karla á Norðurlöndum

Launamunur kvenna og karla á Norðurlöndum er enn verulegur og karlar bera meira úr bótum en konur (sjá teikningu 1 í fylgiskjali). Launamunurinn er athyglisverður í ljósi þeirrar jafnaðarhugsjónar sem hampað er í velferðarríkjum Norðurlanda.

Norrænt lesefni er takmarkað á þessu sviði en bendir þó til þess að launamuninn megi rekja til mikillar kynjaskiptingar á norrænum vinnumarkaði, þar sem konur starfa aðallega á opinberum vinnumarkaði en karlar eru í meirihluta á almennum vinnumarkaði¹.

Tilgangurinn með tillögunni er í fyrsta lagi að öðlast dýpri skilning á því sem er líkt og ólíkt með norrænu löndunum hvað varðar ástæður fyrir launamun kynjanna. Í því skyni verði – að því marki sem fyrirliggjandi gögn leyfa – framkvæmdar samburðargreiningar á löndunum fimm á orsökum launamunar í hverju landi um sig. Í öðru lagi að afla þekkingar á aðgerðum sem gripið er til í löndunum með það fyrir augum að draga úr launamun, hvernig þeim miðar og hvaða áhrif þær hafa. Í framhaldi af því verði rætt hvað löndin geta lært hvert af öðru viðvíkjandi aðgerðum til að draga úr launamun.

¹ Sjá t.d. Larsen & Houlberg, 2013; Barth o.fl., 2013; Kumlin, 2007; Korkeamäki & Kyra, 2003

Með hliðsjón af framangreindu leggur flokkahópur jafnaðarmanna í Norðurlandaráði til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna

að þær láti framkvæma samanburðargreiningar á löndunum fimm á orsökum launamunar kvenna og karla í hverju landi um sig, og enn fremur að afla þekkingar, sem tekin verði saman í skýrslu, um aðgerðir sem gripið er til í löndunum með það fyrir augum að draga úr launamun, og jafnframt hvernig þeim aðgerðum miðar og hvaða áhrif þær hafa;

að þær standi að ráðstefnu um niðurstöðurnar þar sem markmiðið verði að bera kennsl á, skýra og beina kastljósinu að því sem löndin geta lært hvert af öðru viðvíkjandi aðgerðum til að draga úr launamun kvenna og karla. Markmiðið er að skapa sameiginlegan skilning í áframhaldandi starfi að því að draga úr launamun kvenna og karla.

Kaupmannahöfn, 15. mars 2015

Annette Lind (S)

Christian Bejar (ÅSD)

Eeva-Johanna Eloranta (sd)

Eva Sonidsson (S)

Guðbjartur Hannesson (A)

Gunvor Eldegaard (A)

Ineqi Kielsen (S)

Jorodd Asphjell (A)

Karen J. Klint (S)

Karin Gaardsted (S)

Knut Storberget (A)

Leif Lahn Jensen (S)

Lennart Axelsson (S)

Marit Nybakk (A)

Per Rune Henriksen (A)

Peter Johnsson (S)

Phia Andersson (S)

Pyri Niemi (S)

Rikard Larsson (S)

Ruth Mari Grung (A)

Sara Karlsson (S)

Sjúrdur Skaale (Jvfl.)

Sonja Mandt (A)

Suna Kymäläinen (sd)

Tarja Filatov (sd)

Tuula Peltonen (sd)

Norðurlandaráð

A 1642/medborger

Lagt fram af:

Flokkahópi jafnaðarmanna

Fjallað um í:

Borgara- og neytendanefnd

Fylgiskjal:

- Teikning af heildarlaunamun

Málsnúmer 15-00073-1

Fylgiskjal 1: Heildarlaunamunur á Norðurlöndunum 2007–2013

Norðurlandaráð


A 1642/medborger

Lagt fram af:
Flokkahópi jafnaðarmanna

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Fylgiskjal:
- Teikning af heildarlaunamun

Málsnúmer 15-00073-1



Heimild: Eurostat

Athugasemd: Á teikningunni er stuðst við tölur úr iðnaði, bygginga- og mannvirkjagerð og þjónustugreinum (launuð heimilishjálp sem og stofnanir og samtök með úrlendisrétt eru undanskilin).